

Nd.

976. Nefndarálit

[149. mál]

um frv. til siglingalaga.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frv. á tíu fundum sínum og gert nokkrar breytingartillögur.

Nefndinni bárust ýmsar umsagnir, m. a. frá Stýrimannafélagi Íslands, Guðlaugi Gíslasyni, frá Arnljóti Björnssyni prófessor, frá Steingrími Gauti Kristjánssyni og Friðgeiri Björnssyni sem eru stjórnarmenn í Dómarafélagi Reykjavíkur, frá Pétri Sigurðssyni alþingismanni og ýmsum fleirum.

Magnús Jóhannesson siglingamálastjóri kom á fund nefndarinnar. Tryggingafræðingarnir Þórir Bergsson og Björgvin Þórðarson mættu á fundi hjá nefndinni og gáfu henni margvíslegar upplýsingar. Enn fremur komu á fund nefndarinnar Jón H. Magnússon, Kristján Ragnarsson, Ingólfur Stefánsson, Hafþór Rósmundsson og Guðjón Kristjánsson. Einnig Ragnhildur Hjaltadóttir lögfræðingur í samgönguráðuneyti og skrifstofustjóri þess, Halldór S. Kristjánsson, svo og Ólafur Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóri.

Páll Sigurðsson dósent sat alla fundi nefndarinnar og veitti henni margvíslegar upplýsingar og hjálp sem reyndist ómetanleg.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem fylgja á sérstöku þskj.

Alþingi, 22. maí 1985.

Stefán Valgeirsson,
form., frsm.

Kristín Halldórsdóttir,
fundaskr.

Friðjón Þórðarson.

Stefán Guðmundsson.

Steingrímur J. Sigfússon.

Eggert Haukdal.

Karvel Pálmason,
með fyrirvara.